Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# *Dagbók* með frásögnum af ástandi og stjórnmálaátökum a Ströndum, Hólmavík, Helstu persónur eru Ólafur Thors, Jónas Jónsson, Hermann Jónasson, Ormur Samúelsson o.f

Bjarni Benediktsson – *Dagbók* með frásögnum af ástandi og stjórnmálaátökum a Ströndum, Hólmavík, Helstu persónur eru Ólafur Thors, Jónas Jónsson, Hermann Jónasson, Ormur Samúelsson o.f.

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-4, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# RECORD BOOK

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 6 sept lagði eg á
stað norður á Strandir. Daginn áður
heimsótti Jonas Jonsson mig og
talaði um að mál myndi vera
að fara á stað hóstaði dálítið
órólega svo eg sá að ekki myndi
til setu boðið. Þó eg gerði
mér ekki grein fyrir því
hvað eg eiginlega gæti gagn
gert því sem eg engan mann
þekkti þó hann segði mér
í aðal atriðunum hvernig eg
skildi haga mér í þessum
herreiðri Hermanns hins
sterka og jafnframmt greiða
götu Olafs Thors sem hegði þar
landvinninga en sem sagt
eg fór á stað.
Jeg var 10 tíma til Holmavíkur
því vegurinn þangað er
slæmur en bíllin var
góður og það glæsilegur að
eg hefi aldrei glæsilegri
reiðskota haft.
Þegar eg kom til Holmavíkur
vissi eg eiginlega ekki hvað
eg átti að aðhafast en gam-
all skeggjuði sem eg hitti á
götunni kom mér til hjálpar
Jeg spurði hann hvar Hermann
hjeldi til þegar hann væri hér
á ferðinni og sagði hann
mér að það væri hjá Ormi
Samúelssyni hreppstjóra
og væri hann trúnaðarmaður
hans og vinur og væri hann
jafnframt Hotel haldari

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg fór svo þangað og hitti meistarann. Ormur þessi er þriflegur karl og lágur vexti niðurleitur og refslegur.

Hann sagði mér óspurður að hann væri hreppstjóri Hafnarfjarðar hrepps eða eins og við menn kalla það í Reykjavík borgarstjóri og lögreglustjóri í einni og sömu persónu. Sömuleiðis sagðist hann vera hótelstjóri og hafa umsjón með kvikmyndahúsinu o.fl.

Ormur spurði mig um erindi og sagði ég honum að ég væri kominn eingöngu til að ráðfæra mig við hann um málefni Framsóknarfl.

Jeg sagðist hafa átt að bera honum kveðju nokkura valdra Framsóknarmanna í Reykjavík sem vildu ráðfæra sig við hann um vandræði þau sem flokkurinn nú væri í. Í sambandi við fylgisleysi Hermanns í kjördæminu sem talið væri dagvaxandi þó ég persónulega harmaði hvernig komið væri. En ég vildi nú ekki segja meira í kvöld og bað um að fá að hvíla mig og tók hann því vel enn var vegast sagt dálítið hvumsa.

Daginn eftir kom hann eldsnemma til að sækja mig í kaffi og var mjög stimamjúkur og spurði mig um Hermann og Bjarna Ásgeirsson svo jeg svaraði ekki beint enn sagði að ráðherrann mundi gjarnan hafa viljað tala við hann persónulega enn því miður hann hefði of annríkt og skildi Ormur það vel og blessaði ráðherrann og hafði mikið. Ég sagði að ráðherrann og þeir báðir ráðherrarnir teldu nú illa horfa með kjördæmið og væru þeir búnir að fá vissu fyrir því að kjördæmið væri tapað ef ekkert væri aðhafst og væri nauðsynleg breyting á framboði og vildi Bjarni ráðherra ráðfæra sig ~~með~~ við, hann sem einn allra djúphyggnasta mann flokksins síðan Jónas frá Hriflu hefði hætt leiðsögu hans og skifti Ormur litum enn ég sá og heyrði að hann var þessu samþykkur.

Ormur sagði að sér væri kunnugt um afburða gáfur Jónasar og gerhyggli og hefði Framsóknarflokkurinn fengið að kenna á því síðan Jónas byrjaði útgáfu „Ófeigs" sem hann taldi andstyggilegan rógsnepil og flokknum stórhættulegan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ormur sagði mér að hann
hefði verið á fundi í stofu
heima hjá Hermanni
kvöldið áður enn Jónas
var látinn víkja sæti sem
formaður flokksins og
hefði þar verið rætt um
mjög nákvæmlega hvaða
áhrif það hefði á starfsemi
flokksins og framtíð ef
Jónasi yrði sparkað og hvaða
ráðstafanir Jónas mundu
gera til að rétta hlut sinn
gagnvart forustumönnum
þessara athafna gagnvart
honum

Hermann stóð upp og
sagði „Jeg mun ekki
óska eftir neinum sjerstökum
ráðstöfunum gagnvart Jónasi
Jónssyni Jeg tel mig hafa
í fullu tré við hann Eg
mun ekki óska eftir brott-
vikningu hans úr flokknum
heldur látann fá hægann
pólitískan dauða innan
vébanda hans"

"Jeg helt því hinsvegar
fram að best mundi að
láta Jónas vera áfram
formann enn valdalausan

Bjarni Ásgeirsson reis þá
upp og var mjög hvassyrtur
Sagði hann að meirihluti
fundarmanna samþykkti
að fella hann sem formann
það hefði hann persónulega
kynt sér. Bjarni sagði að

Rollustarfsemi hans innan
flokksins væri orðin óþolandi
Jónas væri einungis búinn
að kljúfa flokkinn og væri
best að gefa honum ekki
fleiri tækifæri til þess enda
hefðu forustu flokksins hendur
sínar að verja en ekki kvað
Bjarni ráðlegt að víkja Jónasi
úr flokknum í svipinn

Jeg endurtók þá skoðun
mína að ekki mundi ráð-
legt að svifta Jónas formanns
stöðunni en ef það ætti
að ske þá lagði eg eindregið
til að víkja honum form-
lega úr flokknum því
annars mundi illa fara
fyrir þeim forustumönnum
sem að þessu stæðu ef þeir
ælluðu þráttt fyrir það að
hafa Jónas sem félaga og
flokksbróðir og mundi
refurinn Jónas leggja sig
allann framm við lundagröft
og upplausnarstarfsemi og
einskis svífast. Því eg álít
alltaf að Jónas skoðaði sig
sjálfann og flokkinn eitt
og hið sama, sagði Ormur

Jeg lagði til að Bjarni
Ásgeirsson yrði valinn formaður
enn Hermann roðnaði og
þykktist við en sagði ekkert
Enda sér þú nú vinur
minn sagði Ormur að ef
þessum ráðum mínum
hefði verið fylgt þá hefði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þu ekki þurft að koma
norður á Strandir til að eggja
okkur Strandamenn að fylgja
Bjarna ráðherra og flokknum
því eg hefi aldrei álitið
Hermann færan til að stjórna
landsmálaflokki sagði Ormur
Jeg sagði Bjarna og Eysteinn
mjög uggandi um kjördæmið
vegna væntanlegra breitinga
íhaldsins á framboði
Olafur Thors myndi hafa
í hyggju að senda mjög
sterkan frambjóðanda næst
og myndi hann þegar hafa
útséð manninum það hefði
kvisast að hann hefði í
hyggju að senda Tryggva
Ofeigsson stórútgerðar mann
og miljónamæring og hann
myndi ekki vila fyrir sjer
að kaupa upp heila hreppa
drengurinn sá
Ormur sagði Olafur er mesti
refur og kaldrefjaður og getur
komið upp á þeim ótrúlegustu
stöðum og er veðsjáll og
fundvís á hlið þo ekki sjái
þau aðrir eftir því sem
Jonas sagði. Jeg hefi aldrei
verið sammála Hermanni
í áliti hans á Olafi og tel
altaf óvibent að vanmeta
mótstöðumanninn
Jeg benti Ormi á að Tryggvi
myndi setja í gang um-
fangsmiklar framkvæmdir
á Hólmavík. aðstoð við

unga sjómenn við að
eignast báta
Þá sagði Ormur snöggt
Ef Tryggvi gerði þetta myndi
eg og flestir íbúar Hólmavíkur
kjósa hann. Því sjáðu til
Jeg sem hreppstjóri ber ábyrgð
á velferð hreppsbúa og
fjárhagslegri afkomu verð
að segja þér því miður góði
vinur að það er ekki hægt
lengur að halda uppi flokks
stórþenni með lasti og stóryrð-
um íhaldið þetta verður vinur
minn Bjarni að hafa hugfast
Hermann gerði her ekkert í
sýslunni meðan hann var
og gat eitthvað heldur gefið
vonir um stór átök þegar
hann væri aftur kominn í
forsætisráðherrastólinn
Eg er líka dálítið veikur
fyrir Olafi Thors góði minn
en þetta er einkamál sem
þu lætur ekki fara fleiri
á milli. því eg er ennþá
flokksmaður og vinur Bjarna
Ásgeirssonar og vil hans velfarnað
í hvivetna
Jeg sagði Ormi að Bjarni
ráðherra myndi telja
þýðingarlaust að bjóða
Strandamönnum Hermann
aftur og hefði haft á orði
að fela honum forustuna
í því að velja innanhéraðs
mann í framboð fyrir
flokkinn. Ormur taldi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engan vera í héraðinu sem
hægt yrði að sameinast
um. Sagði ég þá að ráðherr
ann teldi Jóhannes son sinn
heppilegan og tók Ormur
því ekki fjarri, enn sagði
þegar við Strandamenn
~~við~~ ákveðum að kasta
Hermanni þá gerum við
það undandráttarlaust
og með köldu blóði.
Persónulega er ég ekkert
skuldbundinn Hermanni
sagði Ormur ég hefi tvisvar
beðið hann um fyrirgreiðslu
en hann annað tveggja
færst undan að gera það
eða beinlínis svikið og
það getur farið að ~~styttast~~ líða
að því að við Strandamenn
látum okkur ekki nægja
gort Hermanns og axlaklípur.
Jeg spurði Orm hvort menn
hér á Ströndum væru
fylgjandi Jónasi Jónssyni
og sagði hann það fáa vera
utan Jón bónda á Skarði
sem hann taldi handbendi
Jónasar. Enn „Ófeigur" er hér
til mikillar bölvunar fyrir
okkur og vex illgresi það sem
hann sáir vel því jarðgrunnt
sje á Ströndum og er hann
í haldinu til mikils framdráttar
og vitna þeir oft til hans
því Karl Skrattinn er enþá
í Framsóknarflokknum og
vegur að okkur þaðan já Jónas
er vondur maður og hefir
gjörn segir Hermann og er ég
á sama máli og hefi oft
spurt Hermann hví þeir
vísuðu ekki þessum pilti á dyr
en Hermann segir það ekki
vera hægt því þá fari hann
beint í íhaldið og það sé
mikið hættulegra
Jeg spurði Orm hvort hann
væri eins hræddur um kjördæmi
og ráðherrann: Ekki meðan
Kristján er frambjóðandi sagði
hann því okkur Framsóknar
mönnunum hefir altaf tekist
að mynda reipdrátt milli
Drangsness sem alt fær
og Hólmavíkur sem einskis
verður aðnjótandi.
En nú er að selna í
þann gluggann því Óskar
Halldórsson er byrjaður að
byggja bátahöfn á Hólmavík
sem þorpsbúar tengja vonir
við en Framsókn aðhefst
ekkert því miður vinur
minn sagði Ormur:
Hermann kemur hér
og heldur ræður á Hólmavík
talar um stórátök í
landsmálunum nýtt ~~hag~~
hagkerfi en ekkert skeður
og stöðugt minkar tala
kjósenda Framsóknar hér
í þorpinu og aðstaða mín
er í hættu kæri vinur
og ég veit ekki hve lengi
ég get staðið á móti broddum

Oþur sagðist eiga son sem hjeti Björgvin hann væri mjög duglegur sjómaður og keypti nýsköpunarbát á Siglufirði báturinn er 38 tonn og kostaði 500 þúsund jeg get ekki verið með verðbökkun á peningum eins og Hermann það þýðir gjaldþrot fyrir sjáfarútvegur því báturinn gæti þá aldrei borið sig ef verðfall yrði á fiski svo þú sjerð að eg er kominn í nýsköpunina með Olafi Thórs

Við hjer á Hólmavík þurfum að koma okkur upp smá mótorbátum og getum það ekki án utan að komandi aðstoðar svo þú getur sjeð að ef Framsókn ekki hjálpar við þetta snúa Hólmvíkur—búar við henni bakinu og jeg hefi altaf álitið að stórútgerðarmenn væri stoð og stytta þjóðfjelagsins og ef Olafur sendir stórútgerðar mann hingað í framboð á Framsókn það á hættu að tapa fylgi sínu hjer og í nærsveitum þetta verður þú að gera Bjarna ráðherra ljóst

Jeg las yfir Ormi nafna lista sem á voru skráð nöfn þeirra sem greiða til Framsóknarflokksins sem um leið fullvissaði Orm að eg væri egta þó ekki hefði eg erindis bréf eins og Daníel Agústínusson sem Ormur trúði mér fyrir að væri mesta hrakmenni ~~Svo~~ ~~okkur~~ Kom okkur kom saman um að tala við þá helstu 4 í Kaupst

Síðan sendi Ormur eftir þeim og yfirhafði eg þá sömu lexíuna um hvað Bjarni ráðherra væri uggandi um kjördæmið hældi Eystein Steingrími og Bjarna en vorkenti og hryggðist yfir örlögum Hermanns taldi hann allra—besta mann þeir töldu Framsókn hafa tapað í þorpinu vegna aðgerðaleysis þingmansins. Daníel í Tröllatungu var ánægður með Hermann en sagði Jónas vera búinn að mannskemma hann með róginum í „Ófeigi" Guðmundur Jóhannsson sagði hann vera gagnslausan fyrir þorpið og taldi ráðlegt að hlýta í einu og öllu tillögum Bjarna ráðherra þeir vildu gjarnan fá að sjá þennan Jóhannes verkfræðing en vildu ekki taka afstöðu til framboðs hans að svo stöddu svo eg sagði að þetta væri til athugunar. Jeg bauð þeim uppá Romm og þáðu það allir nema Ormur sem bankaði á magann og sagðist ekki þola sterka drykkji vegna magans svo eg sagði Hermann þiggja sneiðina þó hann væri með

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hættulegan sjúkdóm og urðu þeir
mjög forvitnir svo ég sagði það
vera sjúkdóm sem best væri
að tala sem minnst um og
ekki kvartaði Hermann það
mikla hraustmenni
Þegar romflaskan var
búin keyrði ég kotlana heim
og var Ormur mjög ánægður
að ég skildi ekki ráðast á
Hermann því hann sagði að
Daníel í Tröllatungu væri
svo kjöftugur og hefði verið
viss með að láta líta svo út
sem hann Ormur væri eða stæði
fyrir því að Hermann væri
látinn hætta
Við Ormur notuðum
svo bílinn til að keyra á
næstu bæi þar hældi ég
Steingrími Eysteini og Bjarna
ráðherra sem ég alltaf lítillaði
með þeirri nafnbót talaði
um breytingu á framboði
í héraðinu og hvað framsókn
þætti leitt hve þingmaður-
inn væri daufur í umbóta
viðleitni þó hann væri að
öðruleiti besti maður
Ormur sýndi mjer byrjun
þá að Hafnarmannvirkjunni
sem Óskar Halldórsson var
byrjaður á Karlar sem þar
voru fóru að dást að því
hve Bifreiðin væri falleg sem
ég var með og spurðu þeir
mig hvort ég ætti hana og
sagði ég svo vera þeir spurðu

hvort ég hefi keypt hana
á svörtum markaði og sagði
ég já við því þú hefir þó
ekki keypt hana af Hermanni
gall við í einum Ég taldi
Hermann ekki stóran á
svarta markaðinum og taldi
það væri orðum aukið ég
sagðist hafa heyrt að Herma
hefði selt 37 jeppa[illegible]
og gæti það ekki talist mikið
ef miðað væri við bílabrask
annara í Reykjavík Jeg sagði
allar götur vera fullar af jeppum
í Reykjavík og myndi
Búnaðarfjelag Íslands vera
sekara en Hermann þó
allir réðust á hann
Þeir sögðust vel vita að
jeppar þeir sem Stranda-
mönnum hefðu borist að
fá hefðu orðið eftir í
Reykjavík Ormur togaði í
mig inní bílinn og vildi
slíta þessu tali.
Ormur hafði barnalega löngun
til að keyra í bílnum og hafa
útvarpið í gangi og hringsóla
um krókustígana á Hólmavík
og bar sig mannalega í
framsætinu og ég sá þegar
við mættum fólki og hann
fór að tala við það að hann
er þar Stórmaður

Jeg sagði við Orm að ég
væri mjög þurfandi fyrir
bensínmiða og lét hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

i, te það sem ég bað um
sömuleiðis pindi hann
kaupfélagið til að láta
mig fá trodóákva og gerðu
þeir það með illu

Ormur sagði mjer mikið
af ólagi því sem ríkti í
verslunarmálum hreppsbúa
Hann sagði kaupfjelagið
engar vörur hafa og ekki hafa
haft í síðastliðinn 2 ár
heldamis hefði alt kvenfólk
orðið að ganga berfætt í
ónýtum skóm frá Akureyri
Við verðum að láta okkur
nægja nauðsynlegustu matvörn
vefnaðarvara sæjist ekki
Svo ég sagði honum að
Sambandið léti Kron hafa
fyrir því að selja vefnaðar-
vörurna því þætti það fyrir
hafnarminnst. eins og væri
líka og greiðslan væri þar
kontant. Jeg sagði að Vilhjálmur
væri orðinn leiður á þessari
bændaverslun og þætti ábata
samara að selja bensín og
bifreiðir. Ormur æsþaðist
upp við þetta og sagði að
hann væri versti braskari
í landinu og taldi hann
vera á góðum vegi að eyði-
leggja samvinnuhreyfinguna
Ormur sagði hér vera
mörg ára birgðir á smurn-
ingsolíu en engar vélar
til að nota hana á engir
bátar eða jeppar ~~nef~~

nema fáir sem því miður
fyrir Hermann væru útvegaðir
af Kristjáni Einarssyni

Þegar ég fór frá Hólmavík
ráðguðumst við um á hvaða
bæi ég ætti að koma fyrir
sunnan Hólmavík og
leiðbeindi hann mjer í því efni

Jeg spurði hann um hvernig
skiftingin væri milli flokka
í einstökum hreppunum
upplýsti hann eftirfarandi

Árneshreppur þar hefði
Sjálfstæðisflokkurinn talvert
meira en helming

Kaldrananeshreppi væru
flokkarnir álík sterkir en
þar væri fólk ekki sem ábyggi-
legast og væri sá hreppur
viðsjáll framsókn

Hólmavík væri slæm og
færi versnandi eins og
hann orðaði það

Kirkjubólshreppur væri
allur með framsókn
nema Kirkjubólsdótið sem
líklega væri með Jónasi
og kysi Sjálfstæðisflokkinn

Fellshreppur væri góður
og bygður nema þessi
fimm heimili á
Broddanesi það væri
Kommúnistar glóðheitir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óspakseyrarhreppur þar
væru flokkarnir jafnir að
kalla helt og hefðu þeir
grun um að kaupfélagsstjór-
inn á Óspakseyri væri með
Olafi Thors og hefði átt þátt í
því að fá fólk til að svíkja
Hermann við síðustu kosningar
og hefði hann þótt eftir Olafi
bónda í Snartartungu

Ormur sagði mjer um
nokkra menn sem ég hafði
lista yfir í Kaldrananeshrepp
og eru þar góðir bændur,
og borga í flokkssjóð hjá Framsókn
Ingimund Ingimundarson
Svanshóli
Hann taldi þann mann ótryggan

Sigurð Gunnlaugsson
Stakkanesi
ágætan en orðinn gamalmenni

Loft Bjarnason
Bólstað
líklega kýs hann Hermann
þó ekki alveg víst

Jóhann Askelsson
Bessastað
væri talinn Framsóknarmaður

Jón Bjarnason
Skarði
Mesta svikahrapp, og Jónasarmann
sem kýsi með Sjálfstæðisflokknum

Matthías Helgason
Kaldrananesi
Mjög viðsjálan

Ingimund Guðmundsson
Kaldrananesi
Ekki að treysta

Ormur sagði mér að Hermann
hefði sagt sér að hann
væri ríkur maður.
Væri stórhluthafi í Egill Vilhj. H/F
Sömuleiðis Ragnar Blöndal H/F
Hann ætti 3 Fólksbíla
Jörðina Klett í Borgarfirði
sem hefði kostað 82.000 kr.
svo spekúleraði hann í
fasteignum með Sigurði Jónassyni
og ætti drjúgan skilding í
peningum í Englandi
Já sagði Ormur Hermann
hefir sagt mér margt ég
bý hjá honum þegar ég er
í Reykjavík og hann hjá
mér þegar hann er hér á
Hólmavík Já Hermann er
ríkur maður en á ekkert
hjá mjer hvorki greiða eða
peninga
Mér þykir vænt um Bjarna
Ásgeirsson hann er góður drengur
en jeg hefi aldrei haft
álit á Jónasi eða Eysteini
jeg held Eysteinn gefi upp
fljótlega og Jónas sameinist
íhaldinu ef honum
tekst ekki að drepa
Sjálfstæðisflokkinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ormur sagði að eg skildi
tala við eftirtalda menn
á suðurleið
Finnboga á Hvíti og biðja
hann tala við nágranna
sína um framboð Jóhannesar
sem eg og gerði Finnbogi taldi
Hermann sekan um brask
með jeppa sem bændur hefðu
átt að fá og lofaði að færa
í tal þetta mál við mestu
nágranna jeg sagði honum
um fyrirhugað framboð,
Sjálfstæðisflokksins og nýsköp-
unarplön í sveitum landsins
og myndu þeir ætla sjálfir
að ráða úthlutun á vinnuvélum
til bænda Já við fáum þó
aldrei minna en hjá Hermanni
og var snöggur uppá lagið
annars tók hann mjer vel og
bað mig skila kveðju til
Bjarna ráðherra jeg þakkaði
honum skerf hans við fram-
sókn og bað hann ekki
kenna ráðherranum um
ráðaleysi Hermanns í utanrík-
um
Jeg talaði við nokkra
fleiri bændur á leiðinni og
hafði yfir sömu lexíuna
dálítið breytta eftir atvikum
Bóndinn í Snorrastungu sem
Ormur var búinn að vara mig
við heimsótti eg og tók
hann mjer þunglega þegar
eg fór að hrósa þeim 3 Steing-
rímssonum og Bjarna og taldi

Hermann náskann og
ölegingjarnan eða eruð
þið nú farnir að bera Ófeigi
þarna suður frá svo eg
hyrsti mig allan og spurði
hvort eg ætti að segja
ráðherranum að hann
tæki flokkinn fram yfir
Hermann eða ekki það sagði
hann mig ekkert varða um
og bauð mjer ekki inn
og var mjög svipþungur
svo eg kvaddi og fór
Jeg átti langt samtal við
Ólaf bónda á Borgum í
Bæjarhreppi um málefni
Framsóknarflokksins og var
hann óánægður með Hermann
og var ákafur með Bjarna
Ásgeirssyni sem hann taldi
svipbreyttni mann en
Hermann Hann var vondur
við Jónas Jónsson því hann
kendi honum um það
að Strandamenn sætu nú
uppi með Hermann þennan
viðsjálsgrip einn og hann orð-
aði það Ólafur var mjög
hneykslaður yfir bílabraski
Hermanns og virtist kunna
mikið í „Ófeigi" og trúa
honum. Ólafur sagði mér að
Jón á Kjörseyri og Gunnar
í Grænumýrartungu berðust
á móti því að menn læsu
„Ófeig" þar í sveitinni en Ólafur
taldi Jónas merkan frömuð
í málefnum bænda svo

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann álit ohætt að lofa mönnum að lesa blöðin í friði. Olafur sagði:
Heldurðu að það hefði verið minnur fyrir Strandamenn að hafa fyrir þingmann mann eins og Jón Pálmason með alla drifluna og dugnaðinn eins tildorsins Hermann sem aldrei talar um annað enn laxveiði og krafta
Annars eru Strandamenn Hræddir við Hermann sagði Olafur því ef einhver þarf að fá fyrirgreiðslu í Búnaðarbankanum verður það að ganga ígegnum Hermann og ef um framlengingar á víxlum er að ræða er Helmar tregur en Hermann þá látinn koma og hrósa manninum og heimta að viðkomandi fái að greiða eftir hentugleikum
Olafur bað mig fyrir þetta svo hann kæmist ekki í Ónáð hjá Helmari og Hermann
Olafur sagði mér að bændur í Bæjarhreppi hygðu yfir leitt Hermann og merkilegt nokk væri hann mig við sönurmönnunum og Ormur Samúelsson sem hann taldi vera viðsjálsgripi
Bóndinn á Fögrubrekku sagðist sitja heima við næstu kosningar og sitt fólk. Því allir eru þessir flokkar ómerkilegir

og ekki taldi hann Bjarna ráðherra bestan sjerstaklega í fjármálum þó hann hinsvegar teldi brask Hermanns ekki til fyrirmyndar ekki vildi hann lofa því að styðja kosningu Johannesar verkfr. að óðruleyti tók hann mér vel
Jón Josepsson á Melum er mjög heill Hermannsmaður og taldi honum alt til ágætis og sagði hann mikinn spekulant og trúði mjer fyrir því að Hermann ætlaði að selja Landsímann viðbótarspildu úr landi sínu á sambandi við flutning Landsímastöðvarinnar og verkjum Ormsár og dýrt sagði Jón. Sömuleiðis hefði ~~Hermann~~ Hermann lofað að pláta Sambandið í sambandi í lóðasölu við Ormsá ef kaupfjelagið flytti þangað frá Borðeyri Jón sagðist ekkert vilja með Bjarna Ásgeirsson og hans áhrif hafa að gera Hermann hefði sagt hann auða í fjármálum og skuldakong
Ormur á Hólmavík sagði mér að Jón á Stóra Fjarðarhorni og Gunnar í Grænumýrartungu myndu hafa drjúgan skilding í sambandi við uppkaup á rekavið í þessargirðingar og væru þeir uppkeyptir af Hermanni og það sögðu mér

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meiri fleiri
Þegar eg var búinn að athuga mannskapinn á Ströndunum fannst mér tvent objektivemi(?) legt og sem gæti orðið Hermanni mjög örðugt að fást við
Ala á og hvetja til nýsköpunar á Ströndunum í anda Ólafs Thors því þar er mikill áhugi og ungafólkið er á línu Ólafs í öllum atriðum svo sem öflun nýrra tækja(?) í landbúnaði og útvegi
Og síðast en ekki síst skipuleggja útbreiðslu „Ófeigs" á Strönd(?) sem er öruggasta ráðið til upplausnar inn Framsóknarflokksins og að auki er Jónas vitur enn þar búinn að koma þessi trú inn hjá fólki að Hermann sje eiginlega bara enginn maður heldur fígúra og fornbílasali.
Frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins þarf undir öllum kringumstæðum að vera úr flokki framleiðanda því fólkið sjálft fæst við þau störf og hann þarf að vera vel efnum búinn því ef verulegt stórumhvarf á að mynda þarf að mykja aðalmenn Hermanns annars sjá þeir sjer ekki hag í að skifta um
Flokkurinn þarf að velja upp og hefja baráttu fyrir fjárlögunum umbóta

málum sem fólkið er hrifið af og teldi eg Gunnar Bjarnason ágætan til að jafna veginn fyrir nýja frambjóðandann með því að fara í fundaferð um sýsluna og velja karlana og konur í þá fúlti(?) og fá þá til að heimta eitthvað því engin hætta er á því að Hermann myndi fara í samkeppni í þeim vettvangi því hann er eins og Ormur orðaði það Haldinn af þeirri meinloku að að vera gaddur 6 skildingavidinu(?) og bíður eftir kalli þess en veit ekki að þetta hans aukaskildingavit(?) var Jónas frá Hriflu sem nú er hættur innbæstrinum(?)
Jeg slæ því svona fram að Ólafur Thors myndi senda Tryggva Ófeigsson af því allir þekkja dugnað hans og framkvæmdasemi og ósérhlífni þó eg áliti Svein [illegible] Benidiktsson jafnvel fallinn á(?) því Strandamenn kunna að meta kosti og galla persónu 2 heiðursmanna. Þetta er bara álendang

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur